


ÁLITSGERÐ



Til: Stjórnar Félags heyrnarlausra

Frá: Karólínu Finnbjörnsdóttur, lögmanni

Efni: Tillaga um breytingu á lögum Félags heyrnarlausra

Dags.: 4. maí 2021

1. Viðfangsefnið

Álit þetta er veitt að beiðni stjórnar Félags heyrnarlausra í tilefni af svohljóðandi tillögu Magnúsar Sverrissonar og Sigurlínar Margrétar Sigurðardóttur, um breytingu á lögum Félags heyrnarlausra:

„að formaður sé aldrei lengur en 4 ár í formannsstól“

Með tillögunni fylgdi tiltekinn rökstuðningur en í álitinu þessu er ekki tekin afstaða til þeirra röksemda enda um að ræða skoðun þeirra sem standa að baki tillögunni. Hins vegar er í tillögunni lögð til ákveðin framkvæmd við útfærslu ákvæðisins sem skoðuð verður nánar.

Við gerð álitsins lág fyrir framangreind breytingatillaga og núgildandi lög Félags heyrnarlausra (hér eftir „lögin“) sem samþykkt voru á aðalfundi félagsins þann 20. maí 2017 og finna má á heimasíðu félagsins.

2. Gildandi réttur

Félag heyrnarlausra er hagsmunafélag og þar með almennt félag. Þar sem ekki er kveðið á um skipan almennra félaga í lögum skipta ákvæði laga félagsins miklu við túlkun á réttarstöðu þess auk þess sem meginreglur félagaréttar koma þá til skoðunar. Ástæða þess að ekki hefur verið sett heildarlöggjöf um almenn félög, líkt og Félag heyrnarlausra, er sú að ekki má setja almennum félögum skorður um stofnun og skipulag nema brýna nauðsyn beri til, skv. 74. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944. Það er því alfarið í höndum félagsmanna að skipa högum félagsins með lýðræðislegri kosningu á aðalfundi félagsins í samræmi við lög þess.

Aðalfundur Félags heyrnarlausra hefur úrslitavald í öllum málefnum félagsins og tekur einn ákvörðun um lagabreytingar. Til að breyta lögum þarf að ræða og samþykkja viðkomandi breytingar á aðalfundi félagsins með 2/3 hlutum greiddra atkvæða, skv. 1. mgr. 7. gr. og a-liður 8. gr. laga félagsins, sbr. 20. gr. laganna.

Með vísan til a-liðar 8. gr. laganna hefur sérhver félagsmaður rétt til að leggja fyrir aðalfund tillögu um lagabreytingar. Tillögum að lagabreytingum ber að skila til skrifstofu Félags heyrnarlausra eigi síðar en 21 degi fyrir boðaðan aðalfund, skv. c-lið sama ákvæðis.

Um stjórn og formann stjórnar er fjallað í 12. gr. laganna þar sem fram kemur að stjórn félagsins skuli kosin til tveggja ára í senn, þannig að fyrra árið er kjörinn varaformaður, einn aðalstjórnarmaður og fyrsti og annar varamaður. Hitt árið er formaður og tveir aðalstjórnarmenn kosnir.

3. Niðurstöður

(A) Tillögur til lagabreytinga verða að berast í síðasta lagi 21 degi fyrir aðalfund

Líkt og greinir að framan ber að skila inn tillögum að lagabreytingum eigi síðar en 21 degi fyrir boðaðan aðalfund, sbr. c-lið 8. gr. laganna. Um er að ræða ófrávíkjanlegt skilyrði samkvæmt lögum félagsins (eingöngu er heimilt að víkja frá frestskilyrðinu ef sérstakar aðstæður mæla með því og um er að ræða framboð til stjórnar). Af umræddri tillögu verður ekki ráðið hvenær henni var skilað inn til skrifstofu félagsins. Fyrir liggur að aðalfundur félagsins fer fram fimmtudaginn 20. maí 2021. Tillagan þurfti því að koma fram í síðasta lagi fimmtudaginn 29. apríl 2021, eða 21 degi fyrir boðaðan aðalfund.

Niðurstaða: Ef tillagan hefur borist skrifstofu félagsins eftir 29. apríl 2021 er unnt að hafna henni sem of seint framkominni. Þeir félagsmenn sem lögðu fram tillöguna geta þá lagt hana fram á næsta aðalfundi félagsins, eða þá á aukaaðalfundi að fullnægðum skilyrðum 10. gr. laganna þar um.

(B) Efni framkominnar tillögu til lagabreytinga

Þá varðandi breytingatillöguna sjálfa, það er að formaður sitji aldrei lengur en fjögur ár í formannsstóli. Athygli er vakin á því að í tillögunni er ekki vísað til þess að um sé að ræða samfelld fjögur ár og því er unnt að túlka ákvæðið þannig að um samtals fjögur ár sé að ræða yfir lengra tímabil. Röksemdir að baki tillögunni gera hins vegar ráð fyrir því að um samfelld tímabil sé að ræða. Ósamræmi er því milli orðalags tillögunnar og röksemda að baki henni.

Það ítrekast að engin heildarlög gilda um frjáls félagasamtök heldur stjórna þau sér sjálf og félagsmenn hafa rétt til að velja sér lög við hæfi með lýðræðislegri kosningu á lögsmætum aðalfundi. Í lögum og samþykktum almennra félaga eru venjulega ákvæði um stjórn þess, fjölda stjórnarmanna, kosningu, kjörtíma og fleira. Þar geta einnig verið ákvæði sem tryggja að kjörtími stjórnarmanna skarist líkt og finna má í 12. gr. laga Félags heyrnarlausra. Loks geta verið ákvæði í lögum félagsins sem takmarka setu stjórnarmanna og / eða formanns á þann veg að endurkosning sé ekki heimil nema einu sinni eða tvisvar.¹ Breytingatillagan sjálf er því hvorki óeðlileg né fordæmalaus.

Í álitinu þessu er ekki tekin afstaða til röksemda að baki tillögunni, enda um að ræða skoðun þeirra sem standi henni að baki. Hins vegar ber nauðsyn til að taka afstöðu til þeirrar útfærslu á framkvæmd ákvæðisins sem lögð er til og greinir í tillögunni sjálfri.

„Að ef ekkert mótframboð til formanns kemur eftir 4 ára samfellda setu í formannsstóli, þá telst svo að formaður sitji áfram næstu 2 árin.“

Breytingatillagan sjálf gengur út á að formaður sitji aldrei lengur en fjögur ár í senn. Það leiðir því af tillögunni að takmörk verði sett á kjörtíma formanns. Verði tillagan að lögum getur framboð sitjandi formanns til fjögurra ára til áframhaldandi formennsku því aldrei verið gilt. Framkvæmd tillögunnar gerir hins vegar ráð fyrir að formaður til fjögurra ára geti boðið sig fram til áframhaldandi formennsku - að því gefnu að engin mótframboð berist. Það er því innbyrðis ósamræmi í tillögunni.

¹ Félags- og tryggingamálaráðuneyti: „Mat á mikilvægi heildarlöggjafar um starfsemi frjálsra félagasamtaka og sjálfseignarstofnana“. Reykjavík, nóvember 2010, bls. 25.

„Komi mótframboð er formanni skylt að víkja sæti – og ef mótframbjóðandi er aðeins einn er hann sjálfkrafa kjörinn formaður næstu 2 árin. Verði hins vegar fleiri mótframbjóðendur þá kjósa félagsmenn um hvorn eða hvern þeir kjósi með leynilegri atkvæðagreiðslu.“

Sama á við hér. Verði tillagan að lögum getur framboð sitjandi formanns til fjögurra ára til áframhaldandi formennsku aldrei verið gilt samkvæmt lögum félagsins. Framkvæmd tillögunnar gerir hins vegar ráð fyrir að formaður til fjögurra ára geti boðið sig fram til áframhaldandi formennsku en honum beri að víkja sæti, eins og það er orðað, berist mótframboð. Það er því innbyrðis ósamræmi í umræddri breytingatillögu.

„Fráfarandi formanni er leyfilegt að bjóða sig aftur fram að tveim árum liðnum.“

Þetta ákvæði heimilar fráfarandi formanni að bjóða sig fram að tveimur árum liðnum og er þannig í samræmi við breytingatillöguna sjálfa.

Niðurstaða: Breytingatillagan sjálf er hvorki óeðlileg né fordæmalaus. Röksemdir að baki tillögunni eru skoðanir þeirra sem standa henni að baki og verður því ekki tekin afstaða til þeirra. Nánari útfærsla tillögunnar er hins vegar í fullkominni mótsögn við breytingatillöguna sjálfa og vinnur gegn tilgangi hennar í grunninn. Breytingatillagan gengur út á að takmarka kjörtíma formanns við fjögur ár í senn. Verði tillagan að lögum getur framboð sitjandi formanns til fjögurra ára til áframhaldandi formennsku því aldrei verið gilt. Þrátt fyrir það er í nánari útfærslu á tillögunni annars vegar gert ráð fyrir að formaður til fjögurra ára geti boðið sig fram til áframhaldandi formennsku, að því gefnu að engin mótframboð berist, en hins vegar er honum ekki heimilt að bjóða sig aftur fram fyrr en að tveimur árum liðnum. Þannig er innbyrðis ósamræmi í tillögunni og röksemdum að baki henni.

(C) Afdrif lagabreytingartillögu

Sé komist að þeirri niðurstöðu að tillagan hafi borist innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í c-lið 8. gr. laga Félags heyrnarlausra þarf að leggja hana fyrir aðalfund félagsins 20. maí 2021. Líkt og greinir að framan þá hefur aðalfundur Félags heyrnarlausra úrslitavald í öllum málefnum félagsins og tekur einn ákvörðun um lagabreytingar, sbr. 1. mgr. 7. gr. og a-liður 8. gr. laga félagsins. Samkvæmt 8. gr. laganna þarf samþykki 2/3 hluta fundarmanna til breytinga á lögum félagsins.

Niðurstaða: Til að lagabreytingartillagan nái fram að ganga þurfa 2/3 hluti fundarmanna að samþykkja hana. Þá er athygli vakin á því að vísað er til „fundarmanna“ en ekki „félagsmanna“. Í lögum félagsins er hvergi mælt fyrir um lágmarkspáttöku á aðalfundi svo aðalfundur sé ákvörðunarbær. Mikilvægt er því að huga að fundarsókn og að því hverjir eru atkvæðisbærir fundarmenn í skilningi 3. og 4. gr. laganna.

Reykjavík, 4. maí 2021



Karólína Finnbjörnsdóttir, lögmaður